

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 16. janúar 2023

Mál nr. S-1888/2022:

Héraðssaksóknari

(*Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Anna Lefik Gawryszczak

(*Bjarni Hauksson lögmaður*)

Dómur

I

Mál þetta sem dómtekið var 9. desember 2022 að lokinni aðalmeðferð, er höfðað af Héraðssaksóknara með ákæru dagsettri 6. október 2022 á hendur Anna Lefik-Gawryszczak, fæðingardagur [...], með pólskt ríkisfang:

„fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot með því að hafa sunnudaginn 14. ágúst 2022 staðið að innflutningi á samtals 3800 ml af amfetamínbasa, sem hafði 40-43% styrkleika, ætluðu til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Fíkniefnin flutti ákærða til Íslands sem farþegi með flugi nr. [...] frá Varsjá í Póllandi til Keflavíkurflugvallar.

Telst brot þetta varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974 og 32/2001.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Jafnframt er krafist er [sic] upptöku á 3800 ml af amfetamínbasa með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.“

Ákærða neitar sök og krefst sýknu en til vara vægustu refsingar og að gæsluvarðhaldsvist komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu.

II

Málavextir

Sunnudaginn 14. ágúst 2022 var ákærða, Anna Lefik Gawryszczak, sem er pólskur ríkisborgari, ásamt samferðakonu sinni A, sem einnig er pólskur ríkisborgari, stöðvuð af tollvörðum í flugstöð Leifs Eiríkssonar við komu þeirra til landsins með flugi frá Varsjá í Póllandi. Við skoðun á farangri þeirra beggja fundust fjórar vínflöskur, tvær í farangurstösku hvorrar um sig, og vaknaði grunur um að í flöskunum væri amfetamín. Rannsókn á innihaldi flasknanna leiddi í ljós að þar var um að ræða samtals 3.800 ml af amfetamínbasa sem reyndist vera með 40-43% styrkleika. Var ákærða, ásamt samferðakonu sinni, handtekin og færð á lögreglustöð til skýrslutöku.

Ákærða gaf fyrst skýrslu hjá lögreglu 15. ágúst 2022. Kvað ákærða mann að nafni Marek, sem ákærða kvaðst ekki vita frekari deili á, hafa beðið sig um að taka fjórar vínflöskur til Íslands sem færa átti ótilgreindum aðila sem gjöf. Ákærða kvaðst ekki þekkja þennan mann vel en neitaði að öðru leyti að tjá sig um hann. Kvaðst ákærða hafa beðið vinkonu sína, vitnið A, um að taka tvær þeirra með sér í ferðatösku, en þær hafi ætlað saman í ferðalag til Íslands. Ákærða kvað ástæðu fyrirhugaðrar ferðar hafa verið þá að þær hafi ætlað sér að skoða eldgos, taka ljósmyndir og fleira. Ákærða kveðst hafa keypt flugmiða þeirra beggja til landsins og bókað hótél í þrjár nætur. Hún hafi beðið vin sinn, I, sem búsettur væri á Íslandi, um að annast hótélbókun.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 23. ágúst 2022 ítrekaði ákærða að hún kvæðist hvorki kunna nánari skil á þeim aðila sem afhenti henni umræddar flöskur, sem hún kvað heita Marek, né kvaðst hún muna hvar þær voru afhentar, utan þess að það hafi verið í Varsjá. Aðspurð um símtöl í farsíma ákærðu kvaðst hún ekki kunna á þeim skil. Hún sé eigandi fyrirtækis sem beri nafnið [...] sem annast viðskipti með [...]. Fyrirtæki ákærðu beri sama nafn og [...] þar í landi og að ákærðu berist iðulega, og á öllum tímum sólarhrings, símtöl ætluð því fyrirtæki og því gætu umrædd símtöl hafa verið ætluð því félagi.

Í málinu liggja fyrir þrjár matsgerðir rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði. Í tveimur hinna fyrri matsgerða, sem dagsettar eru 26. ágúst 2022, greinir að efnapróf þeirra fjögurra sýna sem tekin voru hafi bent til þess að amfetamínið væri að mestu á formi amfetamínbasa og að styrkur basans hafi sýnt 40 – 43% af þunga sýnanna.

Í matsgerð sem dagsett er 13. september 2022 greinir að beðið hafi verið um útreikning á hversu mikið magn í neyslustyrkleika sé hægt að útbúa úr 3.800 ml af vökva sem sýnin voru tekin úr og að við útreikninginn sé að helmingi miðað við 42% styrk vökvans og að helmingi við 40% styrk hans. Í matsgerðinni er tekið fram að neyslustyrkleiki amfetamíns hafi ekki verið rannsakaður nýlega en vitað sé að neyslustyrkleiki fíkniefna geti verið breytilegur frá einu landi til annars, frá ári til árs og jafnvel milli borga í sama landi. Í matsgerðinni sé hins vegar gengið út frá tölum um neyslustyrkleika amfetamíns í Danmörku, en hann hafi verið að meðaltali 14% á landsvísu árið 2020, en hæstur hafi hann verið 16% árið 2018 og lægstur 5% árið 2009. Við útreikninga sé gengið út frá því að vökvanum verði breytt í duft með því að búa til úr honum amfetamínsúlfat. Við breytinguna sé óhjákvæmilegt að eitthvað fari til spillis. Hve mikið sé háð kunnáttu og þjálfun gerandans. Það sé því álit matsmanns að vart sé unnt að komast hjá minna tapi en sem nemur 2% af þunga efnisins. Við útreikningana sé því gengið út frá 2% tapi og neyslustyrkleika sem sé 14%. Er niðurstaða matsmanns því sú að úr „1900 ml af vökva, sem inniheldur 42% af amfetamínbasa er skv. framangreindum forsendum í hæsta lagi hægt að búa til $1900 \times 0,98 \times 42 / 14 = 5194$ g af efni sem væri 14% að styrk. Úr 1900 ml af vökva, sem inniheldur 40% af amfetamínbasa er skv. framangreindum forsendum í hæsta lagi hægt að búa til $1900 \times 0,93 \times 40 / 14 = 4947$ g af efni sem væri 14% að styrk. Samanlagt er því í hæsta lagi hægt að búa til ríflega 10 kg af efni sem væri 14% að styrk.“

Ákærða gaf á ný skýrslu hjá lögreglu 22. september 2022 þar sem meðal annars voru bornar undir hana niðurstöður framangreindra matsgerða.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærða neitar sök. Ákærða kveðst hafa tekið við umræddum fjórum flöskum á bílastæði í Varsjá frá aðila sem hún kveður hafa verið „tengdan“ manni að nafni Marek, sem hún hafi þekkt lauslega og meðal annars hitt fyrir í gleðskap nokkru áður þar sem fyrirhuguð ferð ákærðu til Íslands hafi borið á góma. Ákærða kvaðst aðspurð hvorki vita nánari deili á umræddum Marek, en hann hafi haft allt frumkvæði að samskiptum þeirra á millum, né þeim aðila sem afhenti henni flöskurnar. Ákærða kvaðst hafa verið stödd í Varsjá til að gangast undir hárlengingar. Hún hafi því ekki gert sér sérstaka ferð þangað til að sækja umræddar flöskur.

Ákærða kveðst hafa skipulagt ferð sína til Íslands með nokkrum fyrirvara í samráði við góða vinkonu sína, vitnið A, sem hún hafi þekkt í um fimm ár. Ákærða kveðst hafa fest kaup á flugmiðum en vinur hennar, vitnið I, hafi aðstoðað hana varðandi bókun á gistingu, en hann starfi á hóteli hér á landi. Kveður ákærða að hún og vitnið hafi mælt sér mót á bílastæði skammt frá flugvöllinum í Varsjá skömmu fyrir brottför til landsins og að þær hafi ferðast þaðan saman á flugvöllinn. Kveðst ákærða hafa óskað eftir því að vitnið A tæki tvær flasknanna með sér í farangri vegna þeirra reglna sem gilda um innflutning áfengis til landsins.

Ákærða kvaðst aðspurð ekki geta sagt til um hverjum flöskurnar hafi verið ætlaðar, en að henni hafi verið falið að flytja þær til landsins og afhenda þær ótilgreindum aðila hér á landi, en ákærða kvaðst engar upplýsingar hafa um þann aðila. Ákærða kveður að ekkert athugavert hafi verið við umræddar flöskur, en hún hafi ekki skoðað þær nákvæmlega.

Ákærða kveðst búa í [...] í Póllandi ásamt [...]. Hún kveðst reka eigið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu á [...]. Dóttir ákærðu hafi verið ólétt þegar ferð ákærðu hófst, en hún hafi verið sett [...], og meðal annars af þeim sökum hafi ákærða ekki ákveðið brottfarardag frá Íslandi. Hún hafi hins vegar viljað verja eins löngum tíma hér á landi og unnt var, en hún hafi þó ráðgert að dvelja hér á landi að hámarki í tvær vikur og nýta þann tíma til ferðalaga og slökunar. Ákærða kveðst sjálf hafa staðið að skipulagningu ferðarinnar, ásamt vinkonu sinni A. Ákærða kveðst hafa annast kaup á flugmiða fyrir þær báðar auk þess sem ákærða annaðist bókun hótलगistingar sem greiða átti við innritun. Ráðgert var að þær myndu báðar standa jafnan straum af kostnaði vegna ferðarinnar. Ákærða kvaðst ekki hafa leynt fyrirhugaðri ferð sinni til Íslands, en flestir sem hana þekktu hafi vitað af ferðinni.

Ákærða kvað fjárhagsstöðu sína vera ágæta, þótt hún sé nú verri en áður sökum Covid. [...].

Ákærða kvaðst ekki vera kunnugt um hvort vitnið I og fyrrgreindur Marek hafi þekkt til hvors annars, þótt hún geti ekki útilokað það. Aðspurð um ástæðu þess að hún hafi neitað

að tjá sig um Marek við skýrslutöku hjá lögreglu kvaðst ákærða ekki hafa vitað nein deili á manninum og ekki viljað búa eitthvað til.

Aðspurð kvaðst ákærða ekki kannast við tilgreint pólskt símanúmer sem hringt var úr í síma hennar alls fjórum sinnum eftir að hún lenti á Íslandi, en taldi það gæti hafa verið skakkt númer.

Ákærða kveðst almennt ekki neyta áfengis eða fíkniefna, en geri það þó við sérstök tilefni.

Ákærða kvað sig aldrei hafa grunað að í flöskunum leyndist eitthvað annað en áfengi. Hún hafi talið það fullkomlega eðlilegt að taka við umræddum flöskum og flytja hingað til lands „út af einhverjum þakklætisvotti“ líkt og hún kveður ástæður erindisins hafa verið kynntar fyrir henni. Hún hafi verið að koma til landsins í frí og þar sem hún drekki ekki áfengi hafi henni fundist sjálfsagt að taka við flöskunum. Ákærða kvaðst almennt vera mjög greiðvikin, jafnvel fyrir fólk sem hún þekki ekki.

Aðspurð, kvaðst ákærða hafa rætt munnlega við lögreglu á flugstöð Leifs Eiríkssonar stuttu eftir að hún var stöðvuð þar við eftirlit. Kvað hún samtalið hafa átt sér stað á ensku en ekki hafi verið kallaður til túlkur. Ákærða kvað enskukunnáttu sína ekki góða. Hún kveðst þá hafa upplýst lögreglu um vin sinn, vitnið I, sem hafi annast hótélbókun fyrir ákærðu. Ákærða kveðst ekki muna eftir því að hafa verið innt eftir nánari upplýsingum um fyrrgreindan I, en það hefði verið hægur leikur fyrir lögreglu að afla nánari upplýsinga um hann, meðal annars með skoðun á síma ákærðu.

Vitnið A gaf skýrslu fyrir dómi 7. október 2022, en vitnið var handtekið við komu hennar til landsins ásamt ákærðu. Kvaðst vitnið fyrst hafa rætt við ákærðu um ferð til Íslands um einum mánuði fyrir brottför. Greindi vitnið frá því að ástæða ferðarinnar hafi verið tvíþætt, annars vegar þar sem hún hafi lengi haft hug á því að koma til landsins og hins vegar hafi það verið vinnutengt en hún sé áhugaljósmyndari sem hafi verið falið verkefni í samstarfi við súpuframleiðandann Knorr sem fólst í því að taka ljósmyndir af framleiðsluvörum félagsins á ólíkum stöðum víða um heim. Aðspurð um það hvort vitnið hafi „haft áhrif á það hvernig og eða hvenær“ þær myndu fara í ferðina kvaðst

vitnið ekki geta sagt til um það en hún telji þó að það hafi verið sameiginleg ákvörðun þeirra að ferðast til Íslands og jafnframt hvenær skyldi lagt í ferðina, en þó hafi það fremur verið að tillögu ákærðu, en vitninu hafi litist vel á þá tillögu. Vitnið kveðst hafa ráðgert að dvelja hér á landi í um eina og hálfu viku, í mesta lagi í tvær vikur og meðal annars nýta tímann í ferðir um landið, skoða eldfjall, gullhring, Bláa lónið og fleira. Hún hafi þó ekki bókað slíkar ferðir fyrir fram, enda taldi vitnið það óþarfa. Aðspurð hvort þær hafi skipulagt skoðunarferðir um landið í sameiningu kvaðst vitið hafa á málgað slíkar skoðunarferðir við ákærðu og „hún neitaði ekki svo í mínum huga var þetta svona sameiginleg“ ákvörðun. Aðspurð hvort vitninu hafi fundist ákærða hafa reynt að draga úr fyrirætlunum hennar varðandi skoðunarferðir um landið kvaðst vitnið ekki hafa greint það, enda hefði það engu skipt að hennar mati, hún hefði þá farið ein í slíkar ferðir.

Vitnið kvað ákærðu, sem hún hafi þekkt í um fjögur ár, hafa pantað flugfarmiða til landsins og greitt fyrir þá, en til hafi staðið að vitnið gerði þann kostnað upp síðar. Ákærða hafi nefnt að hún þekkti aðila hér á landi sem hafi mælt með hóteli, en vitninu hafi staðið á sama um það á hvaða hóteli þær myndi gista hér á landi þar sem tilgangur með ferðinni hafi aðallega verið að ferðast um landið. Vitnið kvaðst ekki hafa ferðast áður með ákærðu.

Vitnið greindi frá því að ákærða hefi afhent henni tvær flöskur, pylsur og sígarettur, rétt fyrir brottför þeirra á bílastæði við flugvöllinn í Varsjá, sem ákærða hafi beðið vitnið um að setja í farangur sinn og ferðast með til Íslands, en ákærða hafi borið því við að takmarkanir væru á því hversu margar víNFLöskur mætti koma með til landsins. Ekki hafi verið rætt um innihald flaskanna, en þær hafi litið út eins og venjulegar víNFLöskur. Hún kveðst hins vegar ekki hafa skoðað þær nákvæmlega. Þá hafi ekkert verið rætt um hvað ákærða hafi ætlað sér að gera við flöskurnar, pylsurnar eða sígarettarnar. Vitnið kvaðst ekki hafa upplýsingar um þann aðila sem hafi átt að taka við umræddum flöskum, eða öðru sem vitnið ferðaðist með til landsins að beiðni ákærðu. Ekki hafi verið um það rætt. Vitnið kvaðst ekki hafa fengið fyrirmæli um það frá ákærðu að hún ætti að fela flöskurnar í farangri sínum.

Vitnið kveðst ekki hafa skynjað nokkuð grunsamlegt í fari ákærðu, hvorki fyrir ferðina né á meðan á henni stóð, en samskipti þeirra tveggja ekki verið mikil í ferðinni. Kvaðst

vitnið ekki vita til þess að ákærða neytti fíkniefna, en vitnið kveðst sjálfst vera mótfallið slíkri neyslu og hún hafi aldrei neytt fíkniefna. Fíkniefnaneyslu hafi þó aldrei borið á góma í samskiptum þeirra tveggja.

Vitnið B aðalvarðstjóri hjá Tollgæslunni kvaðst hafa verið stjórnandi á vakt umrætt sinn þegar ákærða og vitnið A voru stöðvaðar við eftirlit á Keflavíkurflugvelli. Starfsmaður tollgæslunnar, vitnið C tollsérfræðingur, hafi leitað í farangri þeirra og fundið umræddar fjórar flöskur, tvær í ferðatösku hvorrar þeirra um sig. Í framhaldinu hafi verið gert svokallað snefilpróf af flöskunum, sem hafi gefið til kynna að um amfetamín væri að ræða. Af þeim sökum hafi verið afráðið að opna eina flöskuna til að kanna nánar með innihald hennar. Við það hafi fundist „kemísk“ lykt sem hafi gefið sterkllega til kynna að ekki væri um áfengi að ræða. Kveðst vitnið í framhaldinu hafa rætt nánar við ákærðu og vitnið A, meðal annars um tilgang ferðarinnar og „hver ætti flöskurnar“, sem þær munu báðar hafa játað að hafa átt. Kveðst vitnið hafa haft eftir annarri þeirra að hún hafi „beðið aðila að kaupa flöskurnar fyrir sig, hún hafi ekki haft tíma til að kaupa flöskurnar, hún væri að fara í partí á Íslandi [...] og ætlað að skoða landið líka eitthvað lítillega en að aðal tilgangurinn væri að fara í einhverja veislu eða partí og flöskurnar væru fyrir það“. Þær hafi svarað svo til að flöskurnar hefðu verið keyptar í Póllandi af aðila sem önnur þeirra hafi, eftir nokkuð hik, sagt heita Marek. Þá kvað vitnið að komið hafi fram hjá vitninu A að hún hafi sett flöskurnar í tösku sína að beiðni ákærðu, en í tösku A hafi einnig verið kjöt eða pylsur sem hún mun jafnframt hafa tekið við frá ákærðu.

Kvaðst vitnið hafa rætt við ákærðu og vitnið A á ensku og að svo hafi virst sem þær skyldu spurningar vitnisins en hann kvaðst hafa skilið svör þeirra.

Vitnið C tollsérfræðingur hjá Tollgæslunni greindi frá því að hún hefði stöðvað ákærðu og vitnið A í tollhliði Keflavíkurflugvallar þar sem hún hafði við gegnumlýsingu greint tvær flöskur í ferðatösku hvorrar þeirra um sig. Hún hafi í framhaldinu beðið yfirmann sinn um að skoða þetta með henni, sem hafi tekið við málinu. Kvaðst vitnið hafa haft eftir annarri þeirra að tilgangur ferðar þeirra hingað til lands væri að „halda partí hér á Íslandi“. Að sögn vitnisins hafi verið augljóst að stúlkurnar hafi verið tvær saman á ferð enda hafi þær verið í samræðum þegar vitnið stöðvaði för þeirra. Greindi vitnið frá því að hún hafi fyrst leitað í tösku ákærða og fundið þar tvær flöskur og að ákærða hafi vísað

á flöskur í ferðatösku samferðarkonunnar A þar sem vitnið hafi óskað eftir því að hún myndi sýna henni þær tvær flöskur sem voru í tösku samferðarkonunnar. Greindi vitnið frá því að ákærða hafi ætlað að „pakka aftur saman“ en vitnið hafi þá beðið hana um að „sýna sér líka hjá henni [...] þessar tvær flöskur sem ég sá“ líkt og vitnið komst að orði.

Kvaðst vitnið hafa rætt við stúlkurnar á ensku án túlks, hún hafi skilið þær og að hún hafi jafnframt metið það svo að þær hafi skilið spurningar hennar.

Vitnið kvaðst að öðru leyti staðfesta skýrslu sína í málinu.

Lögreglumaður D kvaðst hafa verið á bakvakt umrætt sinn. Hann hafi fengið símtal frá tollvörðum á Keflavíkflugvelli um að þeir hefðu stöðvað tvær konur sem grunaðar væru um að vera með í fórum sínum meint fíkniefni í vökvaformi. Vitnið kvaðst hafa farið á flugvöllinn þar sem tollverðir sýndu honum umræddar flöskur. Kvaðst vitnið í framhaldinu hafa rætt við konurnar tvær, hvora um sig, en þær höfðu þá verið aðskildar af starfsmönnum tollgæslunnar, og tekið af þeim framburðarskýrslu. Kvaðst vitnið hafa litið svo á að umræddar flöskur hafi tilheyrt ákærðu en ákærða mun hafa beðið vitnið A um að ferðast með tvær þeirra til landsins í ferðatösku sinni. Mun ákærða hafa tjáð vitninu að maður að nafni Marek hafi látið hana fá flöskurnar og kvaðst vitnið hafa skilið ákærðu þannig að hún hafi ætlað að hitta vin sinn að nafni I sem starfi á Fosshóteli við Rauðarárstíg í Reykjavík og „láta hann hafa flöskurnar sem þakklætisvott fyrir að vera að hjálpa þeim“. Vitnið kveðst að öðru leyti staðfesta skýrslu sem hann vann að í málinu.

Rannsóknarlögreglumaður E kvað yfirmann sinn hafa falið henni málið til rannsóknar daginn eftir að það hafi komið upp og meðal annars tekið skýrslur í málinu. Kvað vitnið lögreglu hvorki hafa tekist að hafa upp á vitninu I við rannsókn málsins né aðila að nafni Marek, sem ákærða nefndi til sögunnar, enda hafi slíkt í raun verið útilokað.

Lögreglufulltrúi F kvaðst hafa komið að málinu sem starfsmaður tækideildar lögreglu. Hann, ásamt samstarfsmanni sínum, hafi opnað flöskurnar og tekið sýni úr þeim með bómullarpinum og sett í litaförpróf. Hafi öll sýni gefið sömu svörun, það er að um amfetamín væri að ræða. Þá hafi innihald flasknanna verið mælt og sýni á ný tekið úr flöskunum sem send hafi verið Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og

eiturefnafræði til styrkleikamælingar auk þess sem rannsóknarstofunni var falið að rannsaka með nánari hætti efnainnihald flasknanna. Vitnið staðfestir að öðru leyti þær skýrslur sem hann vann í málinu.

Lögreglufulltrúi G kvaðst hafa komið að rannsókn á flöskunum og innihaldi þeirra, bæði hafi verið tekið sýni af innihaldi sem send hafi verið til rannsóknar auk þess sem skimað hafi verið fyrir fingraförum, sem ekki hafi greinst. Kvaðst vitnið telja að vökvainnihald flasknanna hafi litið út „og lyktað eins og amfetamín“ þótt vitnið kvæðist ekki hafa geta greint það við almenna skoðun á flöskunum, enda hafi flöskurnar verið grænar á lit og því hafi verið erfitt að greina lit vökvans við slíka skoðun. Vitnið kveðst að öðru leyti staðfesta þær skýrslur sem hann hafi unnið að í málinu.

Vitnið H, verkefnastjóri Rannsóknarstofu HÍ í lyfja- og eiturefnafræði staðfesti matsgerðir rannsóknarstofunnar varðandi umrædd fíkniefni. Greindi vitnið meðal annars frá því að unnt væri, að gefnum ákveðnum forsendum, að útbúa ríflega tíu kíló af efni sem væru 14% af styrkleika. Við mat á mögulegri rýrnun efnis í efnaferli hafi vitnið haft til hliðsjónar gamla ritrýnda fræðigrein, sem gaf til kynna um 98% heimtur efnis, það er 2% tap á efni, sem vitnið álítur vera lágmarksrýrnun efnis við slíkt efnaferli.

Vitni I kvaðst hafa dvalið á Íslandi í um sjö mánuði. Hann starfi nú sem vaktstjóri á Grand hóteli í Reykjavík, auk þess sem hann hafi nýlega sett á stofn eigið fyrirtæki sem annist flutninga. Kvaðst vitnið hafa starfað á vegum Íslandshótela hér á landi allt frá 30. apríl 2022. Vitnið kveðst hafa þekkt ákærðu í um þrjú til fjögur ár, auk þess sem vitnið taldi sig líklega hafa hitt vitnið A einu sinni eða tvisvar. Greindi vitnið frá því að ákærða hafi sett sig í samband við hann um tveimur til þremur mánuðum áður en hún hafi komið til landsins. Hafi ákærða beðið vitnið um upplýsingar um gistingu og áhugaverða staði hér á landi. Ákærða hafi ætlað að koma til landsins með vinkonu sinni og dvelja hér í um þrjá til fjóra sólarhringa, einkum til að sjá eldfjöll, Geysi og aðra hefðbundna ferðamannastaði, auk þess sem hún hafði áhuga á því að kynna sér næturlífið á Íslandi. Aðspurður taldi vitnið að auðvelt ætti að reynast að hafa upp á því og ná sambandi við það, enda sé hann starfsmaður á fyrrgreindu hóteli og þiggi hér laun og greiði skatta, hann sé með íslenska kennitölu sem hann hafi sótt um áður en hann hóf störf hér á landi. Þar að auki hafi vitnið farið á lögreglustöðina við Hlemm daginn eftir ætlaðan komudag

ákærðu til landsins til að grennslast fyrir um hana og tilkynna „hvarf hennar“, en lögregla hafi neitað að veita honum nokkrar upplýsingar um ákærðu. Þá hafi hann tveimur dögum síðar leitað til pólska sendiráðsins til að spyrjast fyrir um ákærðu. Jafnframt hafi vitnið farið á Lind hótél í Reykjavík til að afpanta hótélbókun sem hann hafði annast fyrir ákærðu og vinkonu hennar.

IV

Niðurstaða

Ákærða var, ásamt vitninu A, handtekin við komuna til landsins 14. ágúst 2022. Í farangurstöskum þeirra fundust alls fjórar áfengisflöskur sem við rannsókn reyndust innihalda þau fíkniefni sem tilgreind eru í ákæruskjali, tvær í farangurstösku hvorrar þeirra um sig. Ákærða hefur gefið þá skýringu að hún hafi að beiðni manns, sem hún hafi nefnt Marek, fallist á að taka fjórar áfengisflöskur til landsins sem afhenda átti ótilgreindum aðila hér á landi. Ákærða kveðst hafa tekið við flöskunum á bílastæði í Varsjá af manni sem væri „tengdur“ fyrrgreindum Marek. Ákærða kvaðst hvorki kunna á þeim aðila nokkur deili né kvaðst hún muna eftir útliti hans. Þá kvaðst ákærða ekki muna nákvæmlega hvar hún fékk umræddar flöskur afhentar annað en að það hafi verið á bílastæði í Varsjá.

Ákærða kveðst ekki hafa rennt í grun að í flöskunum leyndust ólögmet ávana- og fíkniefni, enda hafi hvorki flöskurnar sjálfar né vökvainnihald þeirra gefið slíkt til kynna. Hefur ákærða vísað til þess að hún hafi fallist á að flytja flöskurnar til landsins sem vinargreiða, en hún væri almennt mjög greiðvikin. Þeim framburði ákærðu og vitnisins A þess efnis að vitnið hafi tekið að sér að ferðast með tvær flöskur til landsins að beiðni ákærðu, hefur ekki verið hnekkt, en ákærða mun hafa borið við reglum um innflutning áfengis til landsins.

Að mati dómsins þykir framburður ákærðu um tildrög og ástæður þess að hún tók að sér að flytja umræddar flöskur til landsins allur með ólíkindum og í raun fjarstæðukenndur enda liggur ekkert fyrir í málinu sem rennt geti stoðum undir framburð hennar. Þannig hefur ákærða til að mynda ekki getað veitt nokkrar upplýsingar um fyrrgreindan Marek, sem hún kveður hafa sett sig í samband við hana í síma þegar hún var stödd í Varsjá til hárlenginga, þrátt fyrir að hún kvæðist hafa hitt hann nokkrum sinnum áður. Kvaðst

ákærða ekki geta sagt til um hvort hann væri hávaxinn eða lágvaxinn, ljós eða dökkur á hörund, en „stundum sé hann með húfu, stundum sé hann með skegg“. Jafnframt kvaðst vitnið ekki þekkja símanúmer hans enda hafi hann ávallt hringt úr leyninúmeri. Þá hefur ákærða engar skýringar getað gefið á því hverjum umræddar flöskur voru ætlaðar aðrar en þær að henni hafi verið falið að afhenda þær ótilgreindum aðila hér á landi sem gjöf eða „þakklætisvott“. Að auki liggur fyrir að ákærðu bárust fjögur símtöl úr tilgreindu pólsku númeri eftir að hún kom til landsins, sem ákærða hefur ekki getað gefið fullnægjandi skýringar á að mati dómsins. Samræmist framburður ákærðu fyrir dómi jafnframt ekki því sem haft var eftir henni af tollverði þegar hún var stöðvuð á Keflavíkurflugvelli við komu hennar til landsins. Því til stuðnings má hafa til hliðsjónar framburðarskýrslu B aðalvarstjóra fyrir dómi sem kveður ákærðu hafa greint frá því að hún hafi „beðið aðila um að kaupa flöskurnar, hún væri að fara í partí á Íslandi [...] og ætlaði að skoða landið líka eitthvað lítillega en að aðal tilgangurinn væri að fara í einhverja veislu eða partí og flöskurnar væru fyrir það“, sbr. skýrslu aðalvarðstjórans frá 15. ágúst 2022.

Í greinargerð verjanda ákærðu er vikið að því að verknaðarlýsing ákæru samræmist að hans mati ekki rannsóknargögnum, en í ákæru sé ekki gerð grein fyrir því hvernig ákærða eigi að bera ábyrgð á þeim hluta vökvans sem samferðarkona hennar, A, ferðaðist með til landsins, enda sé ljóst að ákærða „flutti“ ekki þann hluta vökvans til landsins „sem farþegi í flugi“. Að mati verjanda verði að skilja ákærana á þann veg að ákærða hafi flutt vökvann til landsins fyrir aðra sem fjármögnuðu og skipulögðu brotið. Hún hafi verið svokallað burðardýr. Að áliti verjandans geti því aldrei staðist að gera ákærðu ábyrga fyrir þeim hluta vökvans sem samferðarkonan flutti til landsins, án þess að útskýra í ákæru hvernig ábyrgð hennar á þeim hluta hafi komið til.

Hvorki af framburði ákærðu eða vitna né af gögnum máls verður nokkuð ráðið um það hvort einhver annar hafi staðið að skipulagningu innflutningsins eða fjármögnun hans. Ákærða hefur greint frá því að hafa sjálf greitt fyrir ferð hennar og samferðarkonu hennar og annast bókun gistingar, þótt þær hafi báðar borið á þann veg að gera ætti upp kostnað síðar. Jafnvel þótt litið verði svo á að ákærða hafi ekki haft áform um að flytja efni til landsins ber hún refsíábyrgð á slíkum innflutningi enda lét hún sér að minnsta kosti í léttu rúmi liggja hvort í flöskunum reyndust vera þau efni sem um er að tefla en hún gerði

engan reka að því að ganga úr skugga um að svo væri ekki og mátti ekki treysta því að ekki væri um fíkniefni að ræða í því magni sem raun var á, sbr. meðal annars sjónarmið í dómum Hæstaréttar í máli 716/2010 og 150/2009.

Að framangreindu virtu verður ákærða því sakfelld fyrir að hafa flutt umrædd fíkniefni inn til landsins með þeim hætti sem lýst er í ákæruskjali.

Í málinu liggur fyrir skýrsla rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði sem staðfestar hafa verið fyrir dómi þar sem fram kemur að unnt væri að framleiða úr því ríflega tíu kíló af efni sem væru 14% að styrkleika. Þegar horft er til magns og styrkleika efnanna, sem er umtalsvert, þykir enginn vafi leika á því að efnin hafi verið ætluð til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni.

Þykir háttsemi ákærðu því réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru. Hefur ákærða því unnið sér til refsingar samkvæmt 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, sem fædd er árið 1973, hefur samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsett 5. október 2022, ekki áður sætt refsingu hér á landi, en ekkert liggur fyrir um sakarferil hennar í heimalandi hennar eða annars staðar. Við ákvörðun refsingar verður horft til þess að brot ákærðu er stórfellt. Er í því sambandi einkum horft til hinna verulegu hættueiginleika efnanna, styrkleika þeirra og magns, sem ætlað var til söludreifingar hér á landi í ágóðaskyni. Að öllu virtu og með vísan til dóma í sambærilegum málum þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í fimm og hálf ár. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhald sem ákærða hefur sætt vegna málsins frá 15. ágúst 2022 að fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu er fallist á upptökukröfu ákæruvaldsins eins og hún er sett fram í ákæru, samkvæmt heimild í 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærðu gert að greiða allan sakarkostnað málsins í samræmi við sakarkostnaðaryfirlit dagsett 26. september 2022, 606.379 krónur, auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Bjarna

Haukssonar lögmanns, 3.195.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og ferðakostnað verjandans 13.400 krónur.

Gætt var ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2018. Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Sigurður Ólafsson aðstoðarsaksóknari. Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, Anna Lefik Gawryszczak, sæti fangelsi í fimm og hálfu ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald hennar frá 15. ágúst 2022 að fullri dagatölu.

Gerð eru upptæk 3.800 ml af amfetamínbasa sem lagt var hald á við rannsókn málsins.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar lögmanns, 3.195.000 krónur og ferðakostnað verjandans, 13.400 krónur. Ákærða greiði annan sakarkostnað, 606.379 krónur.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson